ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun 2026 – 2027

Leiklist, 6. bekkur

Kennari/ar

Nafn: Ingi Þór Þórhallsson
Netfang: ingi.thor.thorhallsson@reykjavik.is

Lýsing

5 kennslustundir á viku

Markmið / inntak

Í sviðslistum í 6. bekk er byggt áfram á þeim grunni sem lagður hefur verið í 5. bekk. Áhersla er áfram lögð á öruggt og hvetjandi námsumhverfi en nemendur eru hvattir til að taka aukna ábyrgð á eigin sköpun og samstarfi við aðra.

Nemendur vinna áfram með upphitun líkama og raddar, spuna og leikræna tjáningu en verkefni verða markvissari og flóknari. Meiri áhersla er lögð á persónusköpun, samspil, aðstæður, frásögn og uppbyggingu leikþátta.

Nemendur þjálfast í að hlusta á meðleikara, taka við hugmyndum og byggja áfram á þeim. Þeir vinna í litlum hópum að leikrænum verkefnum þar sem gerð er aukin krafa um skýrar persónur, söguþráð og framvindu.

Áhersla er lögð á að nemendur:

- Nýti upphitun líkama og raddar til undirbúnings leikrænni vinnu,
- Taki virkan þátt í spuna og samspili,
- Geti skapað og þróað einfalda leikpersónu,
- Nýti rödd og líkama með markvissari hætti,
- Taki þátt í að byggja upp leikþátt með persónum, aðstæðum og framvindu,
- Geti nýtt fjölbreyttar kveikjur við leikræna sköpun,
- Taki ábyrgð á eigin framlagi í hópavinnu,
- Geti rætt vinnu sína og annarra á uppbyggilegan hátt.

Náms- og matsþættir:
Sköpun og þróun leikþátta – 35%
Persónusköpun og leikræn tjáning – 35%
Samvinna, þátttaka og vinnubrögð – 30%

Námsefni

Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ekki er stuðst við eina ákveðna námsbók. Unnið er með verkefni og leiklistaræfingar frá kennara, spuna, persónusköpun og stutta leiktexta.

Notaðar eru meðal annars sögur, myndir, tónlist, aðstæður úr daglegu lífi og önnur kveikjuefni. Leikmunir, búningar og einfaldur sviðsbúnaður eru nýttir eftir því sem við á.

Kennsluaðferðir

Hvernig og hvað er unnið í kennslustundum / tímabilum, loturum

Kennslan er verkleg og verkefnamiðuð. Kennslustundir hefjast reglulega á upphitun líkama, raddar og einbeitingar.

Unnið er með spuna, samspil, persónusköpun, hlutverkaleiki og leikræna frásögn. Nemendur vinna bæði í pörum og hópum og fá aukið sjálfstæði við þróun verkefna.

Kennari leiðir verkefni og veitir nemendum verkfæri til að þróa hugmyndir sínar en nemendur taka í auknum mæli ákvarðanir um innihald og útfærslu verkefna.

Verkefni eru reglulega sýnd innan hópsins og rædd með áherslu á uppbyggilega endurgjöf.

Námsmat

Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat er símat og byggir á vinnu nemenda í kennslustundum, þátttöku, samvinnu og framförum.

Horft er meðal annars til:

- virkni og þátttöku,
- sköpunar og hugmyndavinnu,
- getu til að byggja á hugmyndum annarra,
- radd- og líkamsbeitingar,
- persónusköpunar,
- skilnings á uppbyggingu einfalds leikþáttar,
- ábyrgðar og samvinnu í hópverkefnum,

- hæfni til að taka leiðsögn og þróa verkefni áfram,
- virðingar fyrir vinnu annarra.

Námslotur

Samspil og spuni
Upphitun, hlustun, einbeiting, spuni og að byggja áfram á hugmyndum annarra.

Persónusköpun
Unnið með líkama, rödd, hreyfingu, aðstæður og samskipti persóna.

Saga og uppbygging leikþáttar
Unnið með persónur, upphaf, framvindu, átök og endi.

Frá kveikju að leikþætti
Nemendur vinna í hópum að leikrænu verkefni út frá ákveðinni kveikju og þróa hugmyndina yfir í stutt atriði.

Sýning og endurgjöf
Nemendur sýna verkefni sín og ræða eigin vinnu og annarra með uppbyggilegum hætti.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Nemandi geti:

- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til að styrkja sköpun sína,
- beitt fleiri en einu formi leiklistar
- sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,
- flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu
- rætt um leikið efni á sviði og í myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag
- sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum
- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar

---